

Nd.

182. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1948.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1948 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, er gilda fyrir árið 1947, og hafa sams konar ákvæði verið í lögum um mörg undanfarin ár. Frv. er flutt að beiðni menntamála-
ráðherra. Hafa einstakir nefndarmenn óbundið atkvæði um það.